



Grein birt 10. júní 2011

Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir

Gæði eða geymsla?

Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi

Í flestum vestrænum löndum býðst foreldrum að skrá börn sín í lengda viðveru eða á frístundaheimili að loknum hefðbundnum skóladegi og þar til foreldrar ljúka vinnu. Mismunandi er hvaða kröfur eru gerðar til slíkrar starfsemi og víða hamlar aðbúnaður og starfskjör eðlilegri fagþróun starfsins. Hér á landi hafa ekki verið sett sérstök lög um slíka starfsemi en þó er samkvæmt grunnskólalögum heimilt að bjóða upp á lengda viðveru og raunar gert ráð fyrir að í hverjum skóla sé nemendum boðið skipulagt félags- og tómsundastarf. Nýleg könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga sýnir að lengd viðvera er í einhverju formi í 75% sveitarfélaga hér á landi. Ólík viðmið eru um barnafjölda, menntun starfsmanna og þjónustustig. Í Reykjavík hefur þjónustan flakkað á milli ólíkra sviða borgarinnar, en nýlega var tekin ákvörðun um að sameina yfirstjórn skóla og frístundaheimila. Starfsemi frístundaheimila og lengdrar viðveru myndi styrkjast ef sveitarfélög og ríki sameinast um markmið og setja viðmið um rekstur og fagmennsku starfsins.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir er aðjunkt og doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Valgerður Freyja Ágústsdóttir er sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Inngangur

„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ – þannig hljóðar vel þekkt orðatiltæki. Í því felst sú hugsun að uppeldi eigi sér ekki stað í tómarúmi milli foreldra og barns, heldur felst hið eiginlega uppeldi í lifandi samspili milli einstaklinga, stofnana og samfélags. Í öllum samfélögum þekkist að dreifa ábyrgð á uppeldi ungvíðis á fleiri herðar meðan foreldrar afla lífsviðurværis. Aukin atvinnuþátttaka beggja foreldra, ekki síst mæðra, í kjölfar seinni heimsstyrjaldar leiddi til gríðarlegrar aukningar á þörf fyrir dagvistun barna. Má nefna að atvinnuþátttaka íslenskra mæðra er ein sú mesta sem þekkist í heiminum. Þá alast sífellt fleiri börn upp í fjölskyldu með einu foreldri, einni fyrirvinnu, sem jafnframt kallar á aukna þjónustu. Á Íslandi jafnt og í öðrum vestrænum löndum hafa stofnanir af ýmsum toga tekið að sér umönnun barna á skólaaldri á meðan foreldrar sinna vinnu eða námi. Ýmis ólík heiti eru notuð yfir slíka starfsemi, s.s. lengd viðvera, skóladagvist, skólasel, dægradvöl, tómsundaheimili eða frístundaheimili. Í greininni verða notuð jöfnum höndum heitin *skóladagvistun* og *frístundaheimili*. Hér á landi hefur engin stofnun haldið sérstaklega utan um þá þjónustu og því hafa til skamms tíma ekki verið til tölur um þátttöku barna í slíku starfi. Markmið þessarar greinar er meðal annars að varpa ljósi á skipulag frístundaheimila/skóladagvista á Íslandi og stöðu mála hvað varðar stefnumótun og fagþróun slíks starfs.

Börn á skólaaldri dvelja stóran hluta dagsins innan stofnana, þ.e. bæði skóla og síðan frístundaheimilis eða sambærilegrar stofnunar. Það er því mikilvægt að við hugum að því hvernig þessar stofnanir eru skipulagðar, hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna, hvernig haft er eftirlit með gæðum starfsins og með hvaða hætti eigi að stuðla að eðlilegri fagþróun starfseminnar. Í þessari grein verður gerð grein fyrir stefnu stjórnvalda hérlandis. Rýnt verður í markmið frístundaheimila og skóladagvista og skýrt frá ólíku formi á slíkri þjónustu. Jafnframt verða kynntar niðurstöður könnunar sem framkvæmd var á vordögum 2010 um skipulag og umfang skóladagvistunar í sveitarfélögum landsins. Þá er fjallað um þróun frístundaheimila í Reykjavík með áherslu á samstarf skóla og frístundaheimila. Rætt verður um menntun og fagþróun starfsmanna og að lokum horft til framtíðar.

Stefna stjórnvalda um lengda viðveru

Samkvæmt íslenskri löggjöf er sveitarfélögum frjálst að bjóða upp á lengda viðveru utan skólatíma, en þau eru ekki skyldug til þess. Í 33. grein grunnskólalaga segir: „Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi. Tómsunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma“ (Lög um grunnskóla, 2008). Tekið er fram að sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir þessa þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem þau setja. Engar lýsingar eru á markmiðum starfsins, hvernig tryggja eigi gæði, hver sinni eftirliti með starfinu eða hvaða kröfur skuli gera til starfsmanna. Sé litið til íslenskra æskulýðslaga þá vísa þau ekki sérstaklega til starfsemi frístundaheimila né tómsundaheimila. Þó er kveðið á um að starfsmenn sem ráðnir séu til æskulýðsstarfa skuli hafa „þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins“ (Æskulýðslög, 2007, 10. gr.). Í æskulýðslögum er jafnframt skýrt kveðið á um í sömu grein að „standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti“. Gera þyrfti úttekt á aðstöðu frístundaheimila og skóladagvista á landsvísu, m.a. með hliðsjón af barnafjölda á hverjum stað.

Íslenskt skólakerfi hefur að miklu leyti tekið mið af því sem gerist á Norðurlöndum og því er eðlilegt að við horfum þangað þegar kemur að skipulagi skóladagvistunar. Þó er ekki einhlítt að við tökum sjálfkrafa upp kerfi þaðan, heldur ígrundum fremur hvernig hlutir hafa þróast annars staðar og skoðum hvað hentar íslensku samfélagi. Í skýrslu Evrópusambandsins (2006) kom sérstaða Norðurlanda skýrt fram hvað varðar þjónustu við barnafjölskyldur og þar með þjónustu við börn utan skólatíma. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er gerð sú krafa til sveitarfélaga að þau bjóði upp á lengda viðveru fyrir yngri nemendur og innan þeirra má finna lagasetningu sem tekur sérstaklega á málefnum lengdrar viðveru (norska/danska: skolefritidsordning/sænska: fritidshem).

Í norskum grunnskólalögum er sveitarfélögum skylt að bjóða lengda viðveru fyrir börn úr 1.–4. bekk sem og fyrir börn með fötlun úr 5.–7. bekk. Jafnframt kemur fram í norskum lögum að:

Skóladagvistir bjóða aðstöðu fyrir leik barna og fjölbreytt tómsundastarf sem tekur mið af aldri, þroska, og áhuga barna. Skóladagvistir skulu tryggja umönnun og öryggi barna. Tryggja skal börnum með sérþarfir stuðning eftir þörf. Aðstaða, bæði úti og inni, þarf að henta starfseminni. (Þýð. höf.)¹

¹ „Skolefritidsordninga skal leggje til rette for leik, kultur- og fritidsaktivitetar med utgangspunkt i alder, funksjonsnivå og interesser hos barna. Skolefritidsordninga skal gi barna omsorg og tilsyn.

Hingað til hefur ekki þótt ástæða til að setja sérstök lög um málefni frístundaheimila hér á landi. Aukið framboð á slíkri þjónustu vekur spurningar um hvort ekki sé tímabært að kalla eftir skýrri stefnumótun af hálfu stjórnvalda til að tryggja að aðbúnaður barna á frístundaheimilum og skóladagvistum sé ásættanlegur og að tryggt sé að faglega sé staðið að rekstri slíkrar þjónustu.

Markmið lengdrar viðveru

Innan Evrópu má finna mjög ólíkar hugmyndir um markmið frístundaheimila og skóladagvista. Í fyrsta lagi er gjarnan litið á starfsemi skóladagvista sem stuðning við hefðbundið nám þar sem boðið er upp á aðstoð við heimanám, aukatíma í fögum og sértækan stuðning vegna námsörðugleika. Lönd sem gera það eru t.d. Pólland og Kýpur þar sem áhersla er á að styrkja námslega þætti (EFILWC, 2006). Jafnframt má sjá ríka tilhneigingu til þess í Bandaríkjunum. Önnur lönd leggja áherslu á að slík starfsemi eigi að einkennast af fjölbreyttu *tómstundastarfi* þar sem börnum gefist kostur á að taka þátt í íþróttum, listum og skapandi starfi af ýmsu tagi ásamt því að lögð er áhersla á frjálsan leik. Segja má að Norðurlönd falli almennt í þennan flokk þar sem mikið er lagt upp úr frjálsum leik barna að loknum hefðbundnum skóladegi. Í þriðja lagi má nefna *umönnunar- og gæsluþátt* starfseminnar þar sem lögð er megináhersla á að sinna þurfi börnum sem af félagslegum ástæðum fái ekki viðeigandi stuðning að heiman. Þó að flest ríki nefni bæði náms- og tómstundamarkmiðin virðist þörf vinnumarkaðarins fyrir dagvistunarúrræði vera sú drifjörður sem veldur því að stjórnvöld fjárfesta í þjónustu af þessum toga – dagvistun skólubarna hvetur til aukinnar atvinnuþátttöku og þar með til meiri efnahagslegrar velmegunar í samfélaginu. Því er ekki að undra að allflest vestræn samfélög hafa komið sér upp einhvers konar kerfi sem gerir foreldrum barna á skólaaldri kleift að stunda vinnu eða nám.

Svíþjóð og Danmörk hafa nokkra sérstöðu en í báðum löndum starfar stétt frístundaráðgjafa sem leiðir faglegt starf frístundaheimila. Rannsóknir á starfi danskra og sænskra frístundaheimila hafa leitt í ljós að innan frístundaheimila gefst börnum tækifæri til að nýta styrkleika sína og taka þátt í *frjálsum leik og skapandi starfi* með öðrum börnum (Hviid, 1999; Johansson og Ljusberg, 2004). Frístundaráðgjafar hafa önnur viðmið en kennarar um mat á árangri barna og leggja áherslu á félagslegan þroska einstakra barna sem og samskipti innan barnahópsins í heild (Anderson, 2010). Ný íslensk rannsókn sýnir að börn upplifa töluvert sjálfræði á frístundaheimilinu þar sem þau geta valið um viðfangsefni og þeim finnst mikilvægt að geta leikið við vini sína þar (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2010). Því má draga þá ályktun að sé vel að verki staðið geti þátttaka á frístundaheimili stuðlað að sterkari félagslegri stöðu barna. Frístundaheimilið brýtur upp hefðbundið skólastarf, gefur möguleika á frjálsum leik og frumkvæði barnanna að ólíkum verkefnum. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni og að kynna börnum ólíkar tómstundir.

Frístundaheimilið getur gegnt lykilhlutverki í að stuðla að farsælli skólabyrjun barna og er samstarf leikskóla, skóla og frístundaheimila almennt viðtekið bæði í Danmörku og Svíþjóð. Þá halda danskir og sænskir fræðimenn því fram að *aukið samstarf fagstétta*, þ.e. kennara og frístundaleiðbeinenda, sé af hinu góða og stuðli að fjölbreyttara skólastarfi og sterkari fagvitund. Charlotte Höjholt, sem er danskur sálfræðingur og rannsakandi, heldur því fram að fagstéttir hafi margt að læra hver af annarri, m.a. vegna þess að þá fáum við fleiri sjónarhorn á skjólstæðingana, börnin (Højholt, 2004). Aftur á móti benda sænskar rannsóknir til þess að þegar samstarf kennara og tómstunda-

Funksjonshemma barn skal givast gode utviklingsvilkår. Areal, både ute og inne, skal vere eigna for formålet.“ (*Lov om grunnskolen og den videregående opplæringa*. [Lög um grunnskólann og framhaldsmenntun]. Nr. 61/1998)

leiðbeinenda er eftt, t.d. með þeim hætti að tómskundaleiðbeinendur (s. fritidspædagog) koma inn í skólann og vinna að verkefnum í samráði við kennara, er hætta á því að hugmyndir og stefna tómskundafræðinnar verði undir í baráttunni við hugmyndafræði skólans (Calander, 2000; Haglund, 2004). Þannig verða störf tómskundaheiðbeinendanna meira námsmiðuð og aðlagast kröfum skólans um árangur í námi. Þetta er umhugsunarvert, ekki síst nú þegar stefnt er að sameiningu skóla og frístundaheimila í Reykjavík á nýjan leik (Borgarstjórn, 2011).

Charlotte ásamt fleirum bendir á að *börnum sem standa höllum fæti* innan skólans, börnum með námslega erfiðleika eða skerðingar af ólíku tagi, vegnar oft vel á frístundaheimilinu (Höjholt, 2001; Raymond og Schoug Larsen, 2002). Þar gefst færi á að vinna áfram með styrkleika barnanna og stuðla að vellíðan þeirra í skólaumhverfinu. Evrópuráð hefur enn fremur gefið út skýrslu sem fjallar um hvernig frístundaheimili geta á ýmsa vegu styrkt stöðu barna sem búa við félagslega skertar aðstæður (EFILWC, 2007). Niðurstaða þeirrar skýrslu er að skýr opinber stefna sem og þverfaglegt samstarf ólíkra stofnana skilar bestum árangri fyrir einstaklinga og samfélag. Rannsaka þarf betur hvort og með hvaða hætti starfsemi frístundaheimila kemur til móts við þarfir *allra barna*, jafnt barna með fötlun, barna af erlendum uppruna og barna sem af öðrum ástæðum standa höllum fæti. Rannsóknir sem hér hafa verið kynntar benda til að þátttaka í starfi frístundaheimila geti haft mikið gildi fyrir börn. Markmið frístundaheimila og skóladagvista geta verið bæði af félagslegum, uppeldislegum eða námslegum toga og endurspeglast ólíkar áherslur meðal annars í þeim leiðum sem samfélög fara til að skipuleggja slíka þjónustu.

Ólík form á dagvistun skólabarna

Í flestum þeim löndum sem við Íslendingar kjósum að bera okkur saman við má finna dagvistunarúrræði fyrir börn á skólaaldri þótt þjónustan sé misaðgengileg og skipulögð á ólíka vegu. Nefnd á vegum Evrópusambandsins gaf út skýrslu árið 2006 sem fjallaði um stefnu þeirra 25 landa, sem þá voru innan Evrópusambandsins, varðandi dagvistun fyrir börn á skólaaldri. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir fernskonar formi á dagvistun barna á skólaaldri: dagmæðrum, dagvistun sem er tengd leikskóla, dagvistun sem er tengd skóla og sjálfstæðum frístundaheimilum (EFILWC, 2006).

Dagvistun á einkaheimilum (dagmæður) þekkist víða og er viðtekin hér á landi til að sinna börnum á leikskólaaldri. Á árunum 1970–1994 var ekki óalgengt í Reykjavík að börn á skólaaldri væru hjá dagmæðrum hluta dags. Niðurgreiðsla til þeirrar þjónustu í Reykjavík var aflögð þegar skóladagvist var sett á laggirnar við hvern skóla. Þetta þekkist enn í sumum löndum og má vera að svo sé einnig í einhverjum sveitarfélögum hér á landi.

Dagvistun skipulögð í tengslum við leikskóla. Víða í Evrópu er dagvistun fyrir skólabörn hluti af hinu almenna dagvistarkerfi ætluð börnum undir skólaaldri. Sú var einnig raunin hér í Reykjavík þegar fyrstu skóladagheimilin voru stofnuð á áttunda áratug síðastliðinnar aldar því þau tilheyrðu upphaflega Dagvist barna sem nú heita Leikskólar Reykjavíkur. Nú á tímum þekkist víða að tengja saman leikskólastarf og tómskundastarf fyrir ung börn á skólaaldri.

Dagvistun tengd skóla er algengasta formið á lengdri viðveru fyrir ung skólabörn í Evrópu (Eurodyce, 2009). Þjónustan fer þá fram í tengslum við skólasterfið og oftast í húsnæði skólans. Mismunandi getur verið hvort þjónustan er á ábyrgð skólans eða annarra aðila. Ástæðan fyrir því að þetta fyrirkomulag er viðhaft er e.t.v. ákveðin hagkvæmni, þ.e. að nýta beri skólahúsnæðið og tryggja ákveðna samfellu í vinnudegi barna. Aftur á móti geta markmið starfsins og innihald þess verið mjög mismunandi, líkt og fram hefur komið.

Sérstök frístundaheimili þekkjast einnig í sumum löndum Evrópu. Nærtækast er að nefna hin svonefndu dönsku „fritidshjem“ sem eiga sér langa sögu, eða allt frá upphafi 20. aldar í Kaupmannahöfn. Slíkar stofnanir eru reknar að öllu leyti utan skólans, í sérstöku húsnæði. Þó hafa Danir að mestu horfið frá rekstri slíkra stofnana og fært þjónustuna þess í stað undir skólana.


Könnun á skipulagi skóladagvistunar á Íslandi

Í byrjun árs 2010 kom beiðni frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun til Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf við að kortleggja starfsemi og stjórnun tómsundaheimila. Markmið könnunar var að afla upplýsinga sem gagnast geta ríki og sveitarfélögum við stefnumótun. Könnunin var lögð fyrir forsvarsmenn sveitarfélaga vorið 2010 og verða helstu niðurstöður kynntar í þessari grein.

Könnunin var send út á rafrænu formi til allra sveitarfélaga. Alls bárust svör frá 61 sveitarfélagi og var svarhlutfall því 79% sem er nokkuð gott. Rétt er að geta þess að rúm 94% landsmanna búa í þeim sveitarfélögum sem þátt tóku í könnuninni.

Lengd viðvera fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla

Spurt var hvort sveitarfélagið byði lengda viðveru fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla. Af 61 sveitarfélagi svara 45 þessari spurningu játandi, eða 74% þátttakenda. Í þessum 45 sveitarfélögum búa 92% allra barna landsins á aldrinum 6–9 ára. Þau sveitarfélög sem ekki bjóða þessa þjónustu eiga það öll sammerkt að vera fámenn eða dreifbýl.




Mynd 1. Er boðið upp á lengda viðveru í sveitarfélaginu?

Með lengdri viðveru er átt við þá vistun utan skólatíma sem mörg sveitarfélög bjóða og gengur m.a. undir heitunum frístundaheimili, tómsundaheimili og skóladagvist.

Fagleg ábyrgð á rekstri þjónustunnar

Spurt var um faglega ábyrgð á rekstri þjónustunnar með opinni spurningu og svörin því flokkuð. Langflestir nefndu skólann eða skólastjórnendur sem þann aðila er bæri ábyrgð á rekstri þjónustunnar eða 66% þeirra sveitarfélaga sem bjóða lengda viðveru. Þá nefna 19% stjórnendur innan sveitarfélagsins sem fara með fræðslumálin.




Mynd 2. Fagleg ábyrgð á rekstri lengdrar viðveru

Sé tekið tillit til vægis barnafjölda í sveitarfélögunum 45 kemur í ljós að 65% barna á aldrinum 6–9 ára búa í þeim sveitarfélögum þar sem skóli eða fræðslufirvöld bera faglega ábyrgð og 38% þeirra búa þar sem fagleg ábyrgð liggur hjá stjórnendum á sviði íþróttar-, æskulýðis- og tómstundamála.

Framkvæmd þjónustunnar

Um leið og leitað er svara við því hver ber faglega ábyrgð á þjónustunni er eðlilegt að athuga hverjum sveitarfélagið hefur falið að annast framkvæmd hennar.




Mynd 3. Hvaða aðili sér um framkvæmd þjónustunnar?

Þessi spurning var einnig opin og líkt og mynd 3 sýnir þá hafa langflest sveitarfélög falið skólunum sjálfum að annast framkvæmd þessarar þjónustu, eða 87% þeirra. Það er því algengasta fyrirkomulagið. Tvö þeirra, eða sem nemur 5% þátttakenda, hafa falið íþróttar- og tómstundaráði að annast framkvæmdina – annað þeirra er Reykjavíkurborg. Í einu sveitarfélagi er framkvæmdin sameiginlegt verkefni ungmennafélags og skóla. Myndin breytist talsvert ef lítið er til vægis barnafjölda í sveitarfélögunum 45. Þannig búa 36% barna á aldrinum 6–9 ára í þeim tveimur sveitarfélögum þar sem íþróttar- og tómstundaráði hefur verið falið framkvæmd lengdrar viðveru.

Kröfur um menntun stjórnenda lengdrar viðveru

Hér að framan var farið yfir faglega ábyrgð og framkvæmdaaðila þjónustunnar. Í könnuninni var spurt um hvaða kröfur væru gerðar um menntun stjórnanda lengdrar viðveru í sveitarfélaginu. Alls bárust svör frá 41 sveitarfélagi við spurningunni.




Mynd 4. Kröfur um menntun stjórnenda lengdrar viðveru

Yfir helmingur þeirra sem svöruðu svara því til að engar kröfur um menntun séu gerðar til þeirra er stýra þessu starfi. Stúdentspróf nefndu 7% svarenda og 39% svarenda sögðu að krafist væri BA- eða B.Ed.-prófs (kennaramenntunar, tólstundafræði eða sambærilegt nám). Þessar hlutfallstölur vísa til fjölda sveitarfélaga. **Ef skoðað er vægi barnafjölda kemur í ljós að í þeim 16 sveitarfélögum, sem gerðu kröfur um BA- eða B.Ed.-menntun, bjuggu um 93% 6–9 ára barna í þeim 45 sveitarfélögum sem buðu upp á þessa þjónustu.**

Viðmið um fjölda barna

Spurt var hvort sveitarfélögin hefðu ákveðin viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann. Öll sveitarfélögin 45 sem bjóða upp á þjónustuna svöruðu spurningunni.




Mynd 5. Viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann

42% sveitarfélaga höfðu engin ákveðin viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann. 26 sveitarfélög höfðu viðmið en oft ekki mjög skýr. Um opna spurningu var að ræða og svörin því flokkuð. Mjög mörg sveitarfélög gáfu upp talnabil sem viðmið. Jafnmörg sveitarfélög gáfu upp viðmið á bilinu 10–12 og 13–15 börn á hvern starfsmann en samtals voru það 54% svarenda. Enn og aftur breytist myndin mikið þegar tekið er tillit til vægis barnafjölda í þessum sveitarfélögum. Í þeim sveitarfélögum sem gáfu upp viðmið á bilinu 13–15 nemendur á hvern starfsmann bjuggu 58% 6–9 ára barna í þessum 45 sveitarfélögum.

Þar á meðal er Reykjavíkurborg en viðmið hennar fer eftir aldri barnanna, þ.e. miðað er við 12 börn á hvern starfsmann hjá sex ára börnum en 14 ef um sjö til níu ára börn er að ræða. Ákveðið var að flokka viðmið Reykjavíkurborgar undir viðmiðið 13–15 börn á hvern starfsmann.

Aðgengi barna í 1.– 4. bekk að þjónustunni á frídögum skóla

Spurt var um aðgengi að þjónustunni á skólaárinu þegar frí er í skólanum. Tekið var fram að átt var við starfsdaga og vetrarfrí. Spurningin var tvíkosta, þ.e. hægt var að svara henni játandi eða neitandi. Einnig var hægt að bæta við athugasemdum. Með hliðsjón af athugasemdum við spurninguna var ákveðið að flokka svör við henni í svarkostina „já“, „já, að hluta“ og „nei“, þar sem sum svörin báru það með sér að þjónustan var opin á starfsdögum en ekki vetrarfríum eða öfugt.



Mynd 6. Er frístundaheimilið opið á starfsdögum skóla og í vetrarfrí?

Rúmur meirihluti svaraði því til að þessi þjónusta væri ekki í boði þegar skólinn er lokaður á skólaárinu, hvorki á starfsdögum né í vetrarfríum. Hjá 27% sveitarfélaga var þjónustan í boði annað hvort á starfsdögum eða í vetrarfríum og í 18% tilvika var þjónustan í boði hvort sem um var að ræða vetrarfrí eða starfsdaga. Sé aftur á móti tekið tillit til vægis 6–9 ára í sveitarfélögunum 45, kemur í ljós að 70% þeirra bjuggu þar sem boðið var upp á lengda viðveru, annað hvort á starfsdögum eða í vetrarfríum, og 19% þeirra bjuggu þar sem þjónustan var í boði í báðum tilvikum. Einungis 11% þeirra bjuggu í sveitarfélagi þar sem þjónustan var ekki í boði þegar frí er í skólanum á skólaárinu.

Rekstrarkostnaður sveitarfélagsins vegna lengdrar viðveru árið 2009

Að endingu var spurt um rekstrarkostnað (brúttó) vegna lengdrar viðveru árið 2009. Svör bárust frá 39 sveitarfélögum. Af þeim gáfu 35 upp kostnaðartölur. Í athugasemdum við spurninguna kom fram hjá fjórum sveitarfélögum að ekki væri unnt að aðgreina þann kostnað frá öðrum kostnaði vegna skólahláðs. Samtals vörðu þessi 35 sveitarfélög tæpum 1,4 milljarði í rekstur lengdrar viðveru árið 2009. Þá er vert að benda á að þrjú mjög stór sveitarfélög á suðvesturhorninu svöruðu ekki þessari spurningu. Á árinu 2009 bjuggu ríflega 70 þúsund manns í þeim þremur sveitarfélögum sem ekki gáfu svar við spurningunni. Það er því ljóst að niðurstaðan í könnuninni endurspeglar ekki heildarkostnað sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru.

Fullt tilefni er til að minna á að samkvæmt auglýsingu reikningsskila- og upplýsinga-nefndar nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga er skylt að bókfæra kostnað vegna lengdrar viðveru á sérstakan bókhaldslykil.

Ósamræmi meðal sveitarfélaga í bókhaldi leiðir af sér ónákvæmni í samanburði milli sveitarfélaga og getur jafnvel skekkst slíkan samanburð. Í þessu tilviki eru afleiðingarnar tvíþættar.

Í fyrsta lagi er ljóst að mörg sveitarfélög færa kostnað vegna vistunar utan skólatíma beint á rekstrareininguna grunnskóla og hækka þar með rekstrarkostnað þeirrar einingar. Það skekkir allan samanburð á rekstrartölum grunnskóla þeirra sveitarfélaga við önnur sveitarfélög.

Í öðru lagi hefur ofangreind skekkja áhrif á lögbundin rekstrarframlög sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Skál framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Hér er átt við þann kostnað sem færður er undir bókhaldslykilinn *04-21 grunnskólar*.

Það gefur auga leið að þegar stór hluti sveitarfélaga færir kostnað vegna vistunar utan skólatíma ranglega þá hefur það afleiðingar á samanburðarhæfi upplýsinga um grunnskólakostnað og getur haft áhrif á forsendur annarra útreikninga. Enn fremur er erfitt að áætla og bera saman kostnað sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru.

Þetta er í fyrsta skipti sem gerð er könnun á starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru fyrir börn á skólaaldri innan sveitarfélaga á Íslandi. Hér að framan hefur verið tæpt á helstu niðurstöðum en áhugasömum er bent á að skýrsluna í heild sinni má finna á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá [hér](#) (Valgerður Freyja Ágústsdóttir, 2010).

Þróun frístundaheimila í Reykjavík

Athyglisvert er að skoða þróun dagvistunar fyrir skólabörn í Reykjavík en þar hefur starfsemin flakkað milli sviða. Í upphafi heyrði dagvistun skólabarna undir félags- og velferðarsvið (1971–1992), þá undir menntasvið (1993–2003) en síðan undir íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR) (frá 2004). Nýverið var tekin sú ákvörðun að frístundaheimilin í Reykjavík og grunnskólar skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn frá og með hausti 2012 og jafnframt að menntasvið og tómstundastarf barna og ungmenna (sem áður tilheyrði ÍTR) skulu falla undir nýtt sameinað skóla- og frístundasvið (Borgarstjórn, fundur 19. apríl 2011). Gagnlegt er að líta til baka og skoða hver saga frístundaheimilanna í Reykjavík hefur verið, nú þegar starfsemin stendur aftur á tímamótum.

Fyrsta eiginlega skólادagheimilið var stofnað í Reykjavík árið 1971 og störfuðu fyrstu skólادagheimilin samkvæmt lögum um dagvistarstofnanir sem samþykkt voru árið 1976. Þannig er upphaf dagvistunar fyrir skólabörn sögulega séð nátengt upphafi leikskólanna eins og við þekkjum þá nú á tímum. Hlutverk og markmið þjónustunnar var vel skilgreint á þessum tíma og litið svo á að fóstur ættu að leiða starfið. Aftur á móti var litið á skólادagheimilin, líkt og fyrstu dagheimilin, sem *félagsleg* úrræði eingöngu ætluð börnum einstæðra foreldra eða foreldra sem af einhverjum ástæðum gátu ekki sinnt börnum sínum sem skyldi heima fyrir. Það var því mjög fámennur hópur barna, eða um 5% á aldrinum 6–9 ára, sem nutu þjónustu skólادagheimila þann tíma sem þau störfuðu (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009).

Í lok níunda áratugarins var ljóst að bregðast varð við þeim skorti á dagvistun sem blasti við foreldrum ungra barna á skólaaldri og mikill þrýstingur var á skólakerfið að bregðast við. Því ákvað borgarstjórn Reykjavíkur, eftir tilraunaverkefni um rekstur skólادagvista í fimm skólum, að haustið 1993 skyldi hver grunnskóli bjóða á lengda viðveru fyrir börnin. Nú gafst foreldrum allra barna úr 1.–4. bekk færi á að skrá barn sitt eftir eigin hentugleik. Þetta þýddi gjörbyltingu fyrir foreldra ungra skólabarna en mikið átak var fyrir stjórnendur

og starfsmenn skólanna að ýta þessu verkefni úr vör. Grunnskólalög voru endurskoðuð 1995 – og þar kom fram að skólar mættu bjóða lengda viðveru og taka sérstakt gjald fyrir það. Enn fremur kemur fram í lögnum að skólar skuli bjóða tómstunda- og félagsstarf sem geti farið fram innan eða utan hefðbundins skólatíma. Upphaflega leiddu kennarar starf skóladagvista eða heilsdagsskólans eins og verkefni þetta var í fyrstu kallað. Eftir því sem skóladagurinn lengdist og kröfur til kennara jukust um viðveru með nemendum, t.d. í hádegishléi, þá heyrðust háværingar raddir um að kennarar ættu ekki að sinna tómstundastarfi eða umönnun, heldur eingöngu kennslu. Jafnframt voru laun ekki jafn há fyrir störf í skóladagvistun og kennslu og illa gekk að koma á laggirnar því heildstæða tómstundastarfi sem stefnt hafði verið að. Þannig leiddu ýmsar ástæður, bæði faglegar og rekstrarlegar, til þess að ákveðið var að fela Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar (ÍTR) reksturinn upp úr síðustu aldamótum (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009).

Tilraunaverkefni með rekstri fjögurra frístundaheimila í Breiðholti veturinn 2000–2001 þótti takast vel og tók ÍTR við rekstri allra skóladagvista í Reykjavík á árunum 2002–2004. Mikið kapp var lagt á að móta innra starfið eftir faglegum markmiðum og efla samstarf milli þeirra aðila sem stýra starfinu og sinna daglegum störfum. ÍTR hefur gefið út *Starfsmannahandbók frístundaheimila* (ÍTR, án ártals) og *Foreldrahandbók frístundaheimila* (ÍTR, 2007). Má nálgast rafræn eintök af þeim á vef Reykjavíkurborgar. Í Reykjavík eru frístundaheimilin opin allan daginn á frídögum skóla, s.s. starfsdögum, í jólafríum, páskafríum og sumarfríum. Sum börn dvelja því a.m.k. jafnlangan tíma, ef ekki lengri tíma á ári, á frístundaheimilinu sínu en í skólanum og sú staðreynd ein gefur tilefni til þess að rýnt sé í fyrirkomulag og innhald þeirrar starfsemi. Í Reykjavík hafa jafnframt verið stofnaðir sérstakir frístundaklúbbar fyrir börn úr 5.–10. bekk sem vegna fötlunar geta ekki verið ein heima líkt og jafnaldrar þeirra. Þá aukast sífellt greiningar á þroska- og hegðunarfrávikum barna hvers konar og ljóst að þörf fyrir stuðning er jafnt til staðar innan tómstundastarfs sem og hefðbundins skólastarfs. Á vordögum 2010 var haldin ráðstefnan *Gæði eða geymsla: Ráðstefna um starfshætti tómstundaheimila*.² Þar kom meðal annars fram að misjafnt er hvort eða hvers konar stuðningur er veittur innan skóladagvista og frístundaheimila.

Samstarf skóla og frístundaheimila

Frístundaheimilin í Reykjavík starfa á grundvelli borgarráðsþykktar sem upprunalega var sett 2002 og síðast endurskoðuð 2010. Þar kemur m.a. fram að frístundaheimilin skulu starfrækt í húsnæði skólans og að veita skuli börnum heildstæða þjónustu. Mikil hagkvæmni felst í því að skóli og frístundaheimili samnýti kennslurými, en rannsókn á samstarfi skóla og frístundaheimila í Reykjavík hefur sýnt fram á að töluverður vandi hefur skapast af rekstri skóla og frístundastarfs í sama húsnæði (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2009). Húsnæði skóla er í flestum tilvikum fullnýtt við kennslu og aðlagð þörfum hennar. Kennarar bera ábyrgð á tilteknum kennslurýmum, hvort sem um er að ræða kennslustofur eða opin kennslurými og telja það stundum undir sinni stjórn, jafnt á daglegum starfstíma skóla og utan hans. Jafnvel í skólum, líkt og Ingunnarskóla og Fossvogsskóla, sem byggðir voru í Reykjavík sem opnir skólar með rými fyrir sveigjanlegt starf, hefur starfsemi frístundaheimila ekki verið í sameiginlegum rýmum heldur færð í annað húsnæði, s.s. færanlegar kennslustofur eða önnur rými. Starf frístundaheimila virðist því iðulega hafa verið hornreka þegar það hefur verið innan skólanna.

Góð aðstaða til leiks, fjölbreyttra frístunda og skapandi starfs þarf að vera fyrir hendi (sjá nánar *Rýmisþörf frístundaheimila*). Vinna barna í skólum tekur í auknum mæli mið af því

² Ráðstefnan var haldin 9. apríl 2010 í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Að henni stóðu Samtök áhugafólks um skólabróun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli. Ráðstefnugögn má finna á <http://www.skolathroun.is/?pageid=70>.

að börn læra ekki fyrst og fremst af bókinni, heldur í gegnum leik og verklega vinnu. Þannig ætti að vera hægt að móta vinnurými barna úr 1.–4. bekk á þann veg að það henti bæði til kennslu og frístundastarfs. Um samnýtingu á aðstöðu skólanna gildir sérstakur húsnæðis- og rekstrarsamningur milli menntasviðs og ÍTR sem einnig var endurskoðaður árið 2006. Gert er ráð fyrir að umsjónarmaður frístundaheimilis sitji samráðsfundi með „aðilum frá skóla til að fá sem bestar upplýsingar um nemendur og þarfir þeirra“ (Borgarráð, 2010). Þá er tilgreint að skólastjóri og forstöðumaður frístundamiðstöðvar skuli gera samning um nýtingu og umgengni á sameiginlegum svæðum og einnig að sömu aðilar skulu ávallt „leitast við að finna hagkvæmustu lausnir á þjónustu við nemendur og hafa með sér samráð um nýtingu á húsnæði“ (3. grein). Athyglisverð er 7. grein húsnæðis- og rekstrarsamnings þar sem tilgreint er að starfsmenn frístundaheimila fari eftir „sömu samskipta-, umgengnis- og vinnureglum og farið er eftir innan viðkomandi skóla, nema samið sé um annað“. Þær rannsóknir sem vitnað var til hér að framan bera aftur á móti vott um að frístundastarfið lúti öðrum lögmálum en kennslan: börn upplifa meiri sveigjanleika á frístundaheimili en í skóla, þau ferðast gjarnan einsömul á milli svæða (fara til dæmis út á leiksvæði og aftur inn að eigin hentugleik) ólíkt því sem gildir á skólatíma þegar bekkir eða hópar fara oftast saman milli svæða. Skólinn og menning hans virðist því samkvæmt ofangreindri klausu eiga að vera einskonar yfirvald yfir menningu frístundaheimilisins, þrátt fyrir að frístundastarfið lúti alla jafna öðrum lögmálum.

Starfsemi grunnskóla er rækilega bundin í lög og námsmarkmið skilgreind í aðalnámskrá. Á hinn bóginn er starfsemi frístundaheimila ólög bundin og sveitarfélög hafa því að miklu leyti frjálssar hendur um hvernig þau útfæra slíkt starf. Sé vel að verki staðið getur faglegur ávinningur af samþættri stefnumótun skóla og frístundaheimila verið töluverður. Aftur á móti þarf að hafa í huga að ákveðin hættu er á því að undir slíkri yfirstjórn yrði meiri áhersla á metnaðarfullt skóla- og kennslustarf fremur en faglegt frístundastarf. Margt hefur vel tekist við fagþróun starfsins á vegum ÍTR og mikilvægt að kapp verði lagt á að halda reynslu og þekkingu innan starfsmannahópsins. Á sama tíma má færa rök fyrir því að skólar eflist við það að innan þeirra starfi fagfólk á vettvangi frítímans. Frístundaráðgjafar geta auðgað starfsmannaflóru skólanna og eflt félagsstarf innan þeirra. Styrkleiki starfsmannahóps felst ekki síst í því að hann sé fjölbreyttur og búi yfir þekkingu á ólíkum sviðum náms og þroska, líkt og Höjholt (2001) bendir á.

Menntun og fagvitund starfsmanna

Hvaða reynslu, menntun og bakgrunn er æskilegt að einstaklingar sem starfa með börnum í skipulögðu tólmstunda- og uppeldisstarfi hafi? Það hlýtur að taka mið af því hvaða hugmyndir eru á lofti um markmið slíks starfs. Þannig haldast í hendur nauðsyn þess að bæta fagvitund og starfsþróun starfsmanna og þörfin fyrir að markmið og hlutverk starfsins séu betur skilgreind. Þótt flest stærstu sveitarfélögin hér á landi geri kröfu til stjórnenda frístundaheimila um háskólamenntun, þá hefur almennt reynst erfitt að gera stífar kröfur um menntun starfsmanna. Ýmislegt bendir til þess að meirihluti starfsmanna í skóladagvistum og á frístundaheimilum landsins sé ófaglærður, en síðustu árin hafa námsmenn verið stærstur hluti þeirra sem starfa við frístundaheimilin í Reykjavík (Soffía Pálsdóttir, 2008). Skortur á fagmenntuðu fólki til starfa á frístundaheimilum eða skóladagvistum einskorðast ekki við Ísland. Þeir sem starfa við skóladagvistun í Evrópu búa flestir við lítið starfsöryggi þar sem um skammtímaráðningar er að ræða og flestum bjóðast eingöngu hlutastörf (EFILWC, 2006). Víða í Evrópu eru mjög mismunandi kröfur gerðar um menntun til starfsmanna sem starfa við dagvistun skólabarna, þó að flest lönd geri kröfur um menntun á háskólastigi, að minnsta kosti til stjórnenda. Í Póllandi og Ungverjalandi stýra kennarar starfsemi lengdrar viðveru. Í Bretlandi er slíkri þjónustu einkum sinnt af ófaglærðu fólki sem hlotið hefur tiltekna þjálfun. Í Austurríki er hægt að

sækja sér sérstaka starfsmenntun á framhaldsskólastigi til að starfa í leikskóla eða á frístundaheimili. Sem fyrr segir leiða frístundaráðgjafar starf sænskra og danskra frístundaheimila en þó hefur hlutfall ófaglærðra starfsmanna hækkað mjög vegna niðurskurðar sem m.a. veldur því að illa hefur gengið að laða menntaða einstaklinga til starfsins (EFILWC, 2006, s. 56).

Lágt menntunarstig starfsmanna og skert starfshlutfall leiða til þess að *starfskjör* starfsmanna eru víða heldur bágborin; laun þeirra eru oftast lægri en til að mynda laun kennara og vinnuaðstöðu er oft ábótavant (EFILWC, 2006). Möguleikar starfsmanna til starfsþróunar og símenntunar eru því gjarnan litlir. Ef það á að verða til fagstétt sem sinnir mikilvægri velferðarþjónustu á borð við skipulagða starfsemi fyrir börn að loknu skólastarfi, hlýtur að þurfa að hlúa að þeim starfsmönnum sem því starfi sinna. Við Háskóla Íslands hefur um nokkurt skeið verið kennd tómsunda- og félagsmálafræði. Það nám miðar að því að undirbúa fólk undir störf á sviði frítímans, hvort sem um er að ræða félagsmiðstöðvar fyrir unglinga eða eldri borgara, frístundaheimili eða annað skipulagt tómsundastarf. Þannig eykst hlutfall þeirra sem kemur til starfa með sértæka menntun innan frítímans. Æskilegt væri að sveitarfélög tækju þátt í samræðu við ríki og háskóla um hvers konar menntun sé nauðsynlegt að þróa frekar til að fagþróun í starfi frístundaheimila.

Lokaorð

Í þessari grein hefur verið greint frá stefnu stjórnvalda í málefnum frístundaheimila og skóladagvista. Fjallað var um markmið og ólík form frístundaheimila og skóladagvista, um rekstur og stjórnun slíkrar þjónustu í sveitarfélögum landsins, þróun frístundaheimila í Reykjavík og að síðustu var rætt um menntun starfsmanna. Á Íslandi skortir skýra opinbera stefnu um tómsundaheimili, frístundaheimili, skóladagvistir, dægradvöl, frístund eða hvaðeina nafni sem dagvistun skólábarna er nefnd. *Staða þessarar þjónustu í samfélaginu er því óljós* og á reiki hvort þessi þjónusta sé innan eða utan skólakerfisins. Sú spurning vaknar hvort hið almenna viðhorf sé að hér sé fyrst og fremst um að ræða gæslu, þjónustu sem er hagkvæm fyrir foreldra og fyrir samfélagið en hafi lítið að gera með eiginlegt uppeldislegt hlutverk. Könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem hér hefur verið greint frá, sýnir að lengd viðvera eða starfsemi frístundaheimila er í flestum tilfellum undir yfirstjórn skóla. Engu að síður eru markmið þjónustunnar ekki skilgreind í lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla eða öðrum lagabókstaf. Mismunandi er milli sveitarfélaga hvort viðmið séu sett um markmið starfsins, menntun starfsmanna, barnafjölda eða þjónustustig. Mörg sveitarfélög kostnaðarfæra rekstur lengdrar viðveru ekki sérstaklega og því eru rekstrartölur skóla ekki samanburðarhæfar.

Ljóst er að stórauka þarf umræðu um þessa starfsemi. Það skortir sárlega rannsóknir á áhrifum starfsins á börn sem og fleiri þróunarverkefni á vettvangi þar sem unnið er með þætti sem snerta fagþróun í starfi lengdrar viðveru og frístundaheimila. Víða er unnið gott starf bæði innan og utan skólanna og það er nauðsynlegt að fá það starf fram í dagsljósið. Kynna þarf ólíka starfsemi og efla samstarf milli landshluta, s.s. með sameiginlegu námskeiðahaldi og málstofum. Jafnframt er ljóst að víða er pottur brotinn, bæði hvað varðar aðstöðu og möguleika starfsmanna til starfsþróunar. Brýnt er að sveitarfélög taki á þeim málum. Við hljótum öll að vera sammála um það að börnum sé tryggt öruggt og þroskandi umhverfi þar sem boðið er upp á fyrsta flokks þjónustu. Gagnrýnin og upplýst umræða þarf að fara fram um möguleika frístundaheimila og skóladagvista til að styðja við alhliða þroska barna og gefa þeim kost á að taka þátt í skapandi starfi af ýmsum toga. Jafnframt þarf að fara fram umræða um þau markmið og viðmið sem eðlilegt væri að setja slíkri starfsemi. Hér er *ekki* lagt til að ríkið *skyldi* sveitarfélög til að reka lengda viðveru en bent á þörfina fyrir að sett séu viðmið um starfið til leiðsagnar fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Jafnframt þarf að gefa svigrúm fyrir ólík rekstrarform á lengdri viðveru. Á

hinn bóginn þarf ríkisvaldið að gera kröfur um að sú þjónusta sem börnum stendur til boða á vegum sveitarfélaga að loknum hefðbundnum skóladegi taki mið af þörfum barna í frítíma þeirra, sem og þroska, aldri og áhuga. Jafnframt þarf að tryggja að börnum með sérþarfir sé veittur viðeigandi stuðningur líkt og kveðið er á um í norsku lögunum. Við endum þessa grein með tilvitnun í skýrslu Evrópuráðs þar sem segir um lengda viðveru:

Where OSC [out-of-school care] is valued and has been in place for some time, it is more regulated, standards are higher and there is greater investment in it. OSC and the staff who deliver it benefit from its being a more professional sector with better career opportunities and more investment in facilities, premises and workforce. (2007, bls. 9)³

Heimildir

Anderson, B. (2010). Introducing assessment into Swedish leisure-time centres – pedagogues' attitudes and practices. *Educational Inquiry* 1(3), 197–209.

Borgarráð. (2010). Borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Sótt 3. ágúst 2010 af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resourcer/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/borgarr_ ssa m_ykklok2010.pdf

Borgarstjórn (19. apríl, 2011). *Fundargerð*. Sótt 22. apríl 2011 af <http://fundir2.reykjavik.is/upload/files/Borgarstj%C3%B3rn-1904%284%29.pdf>

Calander, F. (2000). From 'the pedagogue of recreation' to teacher's assistant. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 44(2), 207–224.

Eurodyce. 2009. *Key data on education in Europe*. Sótt 4. nóvember 2010 af http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/key_data_series/105EN.pdf

European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions (EFILWC). (2006). *Employment developments in childcare services for school-age children*. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities. Sótt 4. júní 2010 af <http://www.eurofound.europa.eu/pubdocs/2006/32/en/1/ef0632en.pdf>

European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions (EFILWC). (2007). *Out-of-school services for children living in disadvantaged areas*. Sótt 12. september 2010 af <http://www.eurofound.europa.eu/pubdocs/2007/520/en/1/ef07520en.pdf>

Haglund, B. (2004). *Traditioner i möte. En kvalitativ studie av fritidspedagogers arbete med samlingar i skolan*. Göteborg Studies in Educational Sciences 224. Gautaborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.

Húsnæðis- og rekstrarsamningur vegna frístundaheimila. Sótt 10. apríl 2011 af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resourcer/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/fristundaheimil i_husnaedi_og_rekstur.pdf

Hviid, P. (1999). *Til lykke! – Børneliv i SFO og skole*. Kaupmannahöfn: Danmarks Pædagogiske Institut.

Højholt, C. (2001). *Samarbejde om børns udvikling. Deltagere i social praksis*. København: Gyldendal Uddannelse.

³ „Þar sem lögð er áhersla á lengda viðveru og starfsemin hefur verið til staðar í nokkurn tíma, er skipulagið betra og gæðin meiri enda um meiri fjárfestingu að ræða. Lengd viðvera og starfsmenn sem henni sinna munu hagnast á því að efla fagmennsku í starfinu enda verði boðið upp á betri starfsmöguleika og fjárfest í aðstöðu, húsnæði og mannauðnum.“ (Þýð. höf.)

Højholt, C. (2004). "Professionalism – across conflicting practices for the development of children". Sótt 3. mars 2009 af <http://diggy.ruc.dk:8080/retrieve/11939>

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR). (Án ártals). *Starfsmannahandbók frístundaheimila*. Sótt af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/fristundaheimili_starfsmannahandbok.pdf

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR). (2007). *Foreldrahandbók frístundaheimila*. Sótt af <http://gamli.arsel.is/files/Foreldra%20HANDBOK%20ITR.pdf>

Johansson, I. og Ljusberg, A. (2004). *Barn i fritidshem. (Forskning nr. 21)*. Stokkhólmur: Institutionen for individ, omvänd og lärende.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2009). Frístundaheimili fyrir 6–9 ára börn í reykvísku skólafarfi. *Uppeldi og menntun* 18(1), bls. 37–59.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2010). After-school centres for 6–9 year olds in Reykjavik, Iceland. Í *Barn*, (4), 9–28.

Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa nr. 61, 1998.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Raymond, C. og Schoug Larsen, I. (2002). *Børns oplevelse af en forlænget skoledag*. Sótt 10. október 2010 af [http://www.bupl.dk/iwfile/AGMD-7VQJWD/\\$file/boernsoplafforskole](http://www.bupl.dk/iwfile/AGMD-7VQJWD/$file/boernsoplafforskole)

Reykjavíkurborg. (2011). *Greining tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila*. Sótt 20. mars 2011 af http://reykjavik.is/PortalData/1/Resources/menntasvid/skjol/Starfshopur_um_greiningu_ta_ekifaera_lokaskyrsla_28_feb.pdf

Rýmispörf frístundaheimila. Sótt 7. nóvember 2010 af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/fristundaheimili/fristundaheimili_rymishorf.pdf

Soffía Pálsdóttir. (2008, 16. september). Meiri festa í starfsfólki frístundaheimila. *24 stundir*, bls. 8.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2010). *Könnun á starfsemi og stjórnun lengdrar viðveru*. Sótt 5. september 2010 af http://www.samband.is/media/grunnskoli/Konnun_lengd-vidvera_2010.pdf

Æskulýðslög nr. 70/2007.



Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. (2010). *Gæði eða geymsla? Um frístundaheimili og skóladagvistun fyrir 6–9 ára börn á Íslandi*. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/003.pdf>